

KLÓR  
 KARBÓMÓNOXÍÐ (CO)  
 METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAN)  
 T-gas (ETÝLENOXÍÐ)

*Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.*

**Kristján Eldjárn.**  
 (L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

## L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvæðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Niundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 31. des. 1969.

*Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.*

**Kristján Eldjárn.**  
 (L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*